

Eftir HULDU VALTÝSDÓTTUR

„Hin mjúku mæti — sem brotna í hörðum heimi.“

Þá er að bíta á jaxlinn . . .

Steinunn Marteinsdóttir, leirlistakona.

Steinunn Marteinsdóttir sýnir um þessar mundir ýmiss konar frjáls myndverk á Kjarvalsstöðum og vinnur þau í keramik, sem hún hefur lengi meðhöndlað, bæði til nytjahluta og frjálsra verka.

Steinunn Marteinsdóttir leirlistamaður heldur sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum um þessar mundir. Lesbók heimsótti Steinunni á vinnustofu hennar að Hulduhólum í Mosfellssveit á dögunum þar sem hún var að vinna við undirbúning sýningarinnar og tók hana tali.

Steinunn hefur löngum fengist jöfnum höndum við nytjalist og frjálsa myndlist í leirmunagerð og getið sér gott orð á báðum sviðum.

„Þetta árið hefur frjáls myndlist staðið huga mínum næst og þess sjást eflaust merki á sýningunni núna,“ segir Steinunn.

Á veggjum vinnustofunnar hanga lágmyndir af margskonar stærð og gerð og gólfið er þakið verkum sem hún er að ljúka við að festa á plötur. Steinunn hefur auðsjáanlega gefið hugmyndafluginu lausan tauminn og henni liggur ýmislegt á hjarta. Hún er spurð hvert hún sæki hugmyndir sínar.

„Ég sæki þær mest í náttúruna — hef unnið mikið út frá náttúruupplifun. Hér eru náttúruform sem ekki eru tekin beint en eru fegurðaráhrif sem ég vinn úr á minn hátt. Ég hef t.d. leikið mér með Esjuna sem ég hef fyrir augunum út um gluggann. Ef til vill mætti kalla þessi verk „abstraktion“ af landslagi.

Þetta er þó ekki einhlítt. Ég er líka með myndir sem hafa ekki skírskotun til ákveðinna mótíva eða fyrirmynda en formin koma annars staðar frá — eru nokkrar konar fagurfræðilegar stúdíur.

Jú, ég held að segja megi að það kveði við nokkuð annan tón hjá mér í þessum nýjustu verkum enda liggja aðrar hugmyndir að baki sumra þeirra. Stundum finnst mér ástæða eða nauðsyn að gefa þeim nafn og ég reyni þá að láta vera vit í nafninu. Nöfnin eiga þá að útskýra hvað vakir

fyrir mér, hvernig sem gengur að koma því til skila.“


Á einum vegg vinnustofunnar hanga 3 lágmyndir þar sem viðfangsefnið er mannhendur.

„Þessar myndir,“ segir Steinunn, „má skilja tilfinningalega eða pólitískt eftir því sem hver vill. Ég hef gefið þeim nöfnin „Óp“, „Ákall“ og „Gripid í tómt“ og er þeim ætlað að túlka ákall manneskjunnar í eynd og erfiðleikum og þrá eftir samskiptum. Önnur myndröð hefur fengið nafnið „Hin mjúku mæti“ — sem brotna í hörðum heimi, svo

nokkuð sé nefnt — og lágmynd sem ég hef unnið fyrir Póst og síma heitir „Tengsl“.

Ég hef alltaf lagt áherslu á hið myndræna í verkum mínum og hef ekki skömm á hugtakinu „dekorativ list“ eins og sumir. Og þótt ég sé að fást við verk sem eiga að fela í sér meiningar hef ég látið það myndræna sitja í fyrirrúmi, enda verður verkið að standa sem verk í sjálfu sér hvað sem meiningunni að baki líður.“

Steinunn á langan starfsferil



Steinunn í vinnustofu sinni.

að baki í leirlistagreininni og hefur fyrir löngu skipað sér sess í flokki okkar bestu leirlistamanna. Fagleg vinnubrögð, hugmyndaauði, þrautseigja og einlægni í vinnu húsráðanda blasa við hvar sem lítið er í húsakynnum að Hulduhólum, þar sem hún rekur verkstæði sitt með vinnustofu og litlum sýningarsal.

Steinunn stundaði nám í Myndlista- og handíðaskólanum í Reykjavík en fór síðan til framhaldsnáms í Berlín í hálf þriðja ár. Eftir að heim kom vann hún eitt ár hjá Ragnari Kjartanssyni í „Gamla Glit“ sem svo er kallað en stofnaði eigið verkstæði árið 1961.

„... og ég hef verið að fást við þessa grein allar götur síðan,“ segir Steinunn. „Premur árum áður en ég flutti hingað að Hulduhólum stóð ég fyrir námskeiðum í leirmunagerð fyrir almenning í 7–8 ár. Námskeiðin voru mjög fjölsótt og satt að segja gerði ég lítið annað á þeim tíma en að sinna þeim. Ég hélt þó stóra sýningu á Kjarvalsstöðum 1975 og vann eingöngu að undirbúningi hennar í eitt ár.

Jú, það er óhætt að segja að miklar breytingar hafi orðið á stöðu þessarar listgreinar hér og einnig afstöðu almennings til hennar á síðustu áratugum. Míni forverar á þessu sviði voru ekki margir — Guðmundur frá Miðdal, Ragnar Kjartansson og Laugarnesleir og nokkrir fleiri. En nú er fjöldinn allur af ungu fólki að fást við þetta og mikið er að gerast í faginu — margskonar tilraunir í gangi sem eftir er að sjá hvernig þróast. Og mér finnst ánægjulegt til þess að vita hvað stéttin er orðin fjölmenn. Því fleiri sem vinna að leirlist þeim mun meiri líkur eru á að eitthvað gott leiði af því.“

Er hægt að tala um ákveðnar stefnur í leirlistagerð?

„Leirlist fylgir stefnum rétt eins og aðrar listgreinar þar sem hver fer sínar eigin leiðir en allt hefur þetta áhrif á hvað annað engu að síður. Málara, myndhöggvarar og þeir sem fást við „concept“-list hafa sjálfsagt sín áhrif á leirlistagerð.

Þegar ég var í Handíða- og

myndlistaskólanum hér var „geometrísk abstraktion“ efst á baugi og ég held að ekki hafi verið slæmt að alast upp við þann stranga aga sem henni fylgdi. Og þótt ég hafi ekki ánetjast þeirri stefnu nema í takmörkuðum mæli held ég að hennar gæti enn þá beint eða óbeint í verkum mínum.“

Leirlistamenn fást ýmist við frjálsa list eða handgerða nytjahluti og þessu er oft gert mismunandi hátt undir höfði. Hver er þín afstaða?

„Ég geri ekki mikinn greinarmun á þessu tvennu. Þegar verið er að vinna við handgerða keramik í seríum þá renna menn og renna hlutinn og reyna að ná fullkomun í formi og tekst það ef til vill. Fullkomun byggir þá ekki hvað síst á endurtekningunni í handverkinu — alltaf er verið að endurtaka sömu hreyfinguna. Þessu má ef til vill líkja við kínversku málara sem geta náð þessari fullkomun með einu pensilstriki. Sú vinna finnst mér engan veginn ógöfugri en sú að hamast í sama verkinu sem flokkast undir frjálsa myndlist mánuðum saman.“

Ég hef unnið jöfnum höndum að hvoru tveggja öll þau ár sem ég hef fengist við þessa listgrein — minna þó að nytjahlutum síðasta árið. Þetta fer allt eftir því hvað sækir sterkast á hugann. En möguleikarnir eru svo ótal margir, bæði í skúlptúr, lágmyndum og stórum og smáum hlutum. Upp á síðkastið hefur mér gengið betur að koma hugmyndum mínum fram í stórum verkum. Ég sest þá niður á kvöldin og skissa mikið og vel svo úr skissunum. Þær teikna ég svo upp í rétta stærð og bý til mót úr pappa sem ég móta eftir leirnum, en nota ekki mót.

Jú, þetta er ákaflega skemmtileg og spennandi listgrein að fást við, sem krefst mikillar vinnu og einbeiti — og jafnvel líka líkamskrafta þegar unnið er við stóra hluti. Það kemur líka fyrir að þeir brotni í höndunum á manni í miðjum klíðum og mikil vinna fer þar forgörðum. En þá er eina ráðið að bíta á jaxlinn — vera ekki skaðsár og byrja bara upp á nýtt.“